

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. maí 2023

Mál nr. E-3922/2021:

Veiðifélag Eystri-Rangár

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

gegn

Einari Lúðvíkssyni og Dagmar Sigríði Lúðvíksdóttur

(Jón Sigurðsson lögmaður)

og Dóru Lúðvíksdóttur

(Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. apríl 2023, var höfðað 15. júlí 2021 af stefnanda, Veiðifélagi Eystri-Rangár, Móiðarhvoli 2, Hvolsvelli, til staðfestingar lögbannsgerð og til að stefndu yrðu bannaðar nánar tilteknar athafnir, þeim Dagmar Sigríði Lúðvíksdóttur, [...], Dóru Lúðvíksdóttur, [...] og Einari Lúðvíkssyni, [...].
- Þess er krafist að staðfest verði lögbann sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu lagði 1. júlí 2021 við því að stefndu, Dagmar Sigríður Lúðvíksdóttir, Dóra Lúðvíksdóttir og Einar Lúðvíksson, sem gerðarþolar, eða aðilar á þeirra vegum, hindri umferð gerðarbeiðanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum eftir akvegum sem liggja um land jarðanna Bakkavallar (L164159), Vallarhjáleigu (L164203) og sameignarlands Árgilsstaða 1 (L164157) og 2 (L164158) í Rangárþingi eystra að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og við því að gerðarþolar eða aðilar á þeirra vegum hindri aðgengi gerðarbeiðanda að þremur sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 sem og að gerðarþolar eða aðilar á þeirra vegum stöðvi vatnsrennsli að umræddum sleppitjörnum, auk sleppitjarnar í landi Vallar 1 (L164206) eða eyðileggi eða komi í veg fyrir nýtingu þeirra að öðru leyti.
- Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði bannað að hindra umferð stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum eftir akvegum sem liggja um land jarðanna Bakkavallar (L164159), Vallarhjáleigu (L164203) og sameignarlands Árgilsstaða 1 (L164157) og 2 (L164158) í Rangárþingi eystra að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og hindra aðgengi stefnanda að þremur sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 sem og að stöðva vatnsrennsli að umræddum sleppitjörnum, auk sleppitjarnar í landi Vallar 1 (L164206), og eyðileggja þær eða koma í veg fyrir nýtingu þeirra að öðru leyti. Gerð er krafa um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefndu.

4. Stefnda Dóra Lúðvíksdóttir krefst þess að öllum kröfum stefnanda verði hafnað og málskostnaðar úr hans hendi.
5. Stefnu Dagmar Sigríður og Einar Lúðvíksbörn kröfðust þess upphaflega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara að þau yrðu sýknuð af öllum dómkröfum stefnanda og að synjað yrði kröfu um staðfestingu lögbanns sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu lagði á 1. júlí 2021 í máli nr. 2021/13222. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar en til vara að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.
6. Leyst var úr kröfum stefnu Dagmarar Sigríðar og Einars um að málinu yrði vísað frá dómi og þeim hafnað fyrst með úrskurði 26. janúar 2022 og á ný með úrskurði 14. nóvember 2022. Gengið var á vettvang í upphafi aðalmeðferðar þar sem stefndi Einar gerði meðal annars grein fyrir hagnýtingu sleppitjarna þeirra sem tilgreindar eru í dómkröfu stefnanda.

Málsatvik

7. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu lagði á lögbann 1. júlí 2021 við því að stefnu viðhefðu þær tilgreindu athafnir sem greinir í dómkröfu stefnanda, að stefnu hindruðu umferð stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum um land jarðanna Bakkavallar, Vallarhjáleigu og sameignarlands Árgilsstaða 1 og 2 að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og hindruðu aðgengi stefnanda að nánar tilgreindum sleppitjörnum, sem eru á sameignarlandi síðastnefndu jarðanna tveggja, og hindruðu vatnsrennsli að tjörnunum, sem og að sleppitjörn í landi Vallar 1, eða kæmu í veg fyrir nýtingu tjarnanna að öðru leyti. Sleppitjarnir þessar munu vera hagnýttar til fiskiræktar, þar með talið fóðrunar seiða fyrir Eystri-Rangá, en öll laxagengd í ánni grundvallast á fiskirækt í tjörnum sem þessum sem munu vera víða meðfram ánni þar sem enginn laxastofn er í ánni af náttúrunnar hendi.
8. Upplýst er að stefnandi er formlega deild í Veiðifélagi Rangæinga en samþykktir þess félags frá 1994 kveða á um að félagið sé rekið í fimm veiðifélögum. Er stefnandi eitt þeirra og tekur til Eystri-Rangár ásamt fiskgengum ám og hliðarlækjum sem í hana falla. Í nefndum samþykktum Veiðifélags Rangæinga er tekið fram að hver félagsdeild setji sér samþykktir en gæta beri þess að þær stangist hvorki á við lög um lax- og silungsveiði, og vísað til þágildandi laga, né við samþykktir veiðifélagsins sjálfs. Óumdeilt er að stefnandi hefur komið fram sem veiðifélag óslitið frá árinu 1991 er stefnanda voru settar samþykktir. Stefnandi hefur í raun verið rekið sem sjálfstætt veiðifélag allt frá þeim tíma

þótt ljóst hafi verið að ekki hafi verið gengið frá því formlega sem hafi legið, eftir því sem fram kom af hálfu stefnda Einars Lúðvíkssonar fyrir dómi. Hann lýsti jafnframt þeirri skoðun við það tækifæri að réttast væri að leggja stefnanda niður.

9. Fram kom við aðalmeðferð málsins af hálfu stefnda Einars að faðir stefndu hefði haft forgöngu um að hefja ræktun seiða í sleppitjörnum í Eystri-Rangá. Þá liggur fyrir að starfsemi stefnanda fór lengst af fram undir forystu stefnda Einars Lúðvíkssonar sem sinnti starfi framkvæmdastjóra veiðifélagsins og byggði upp laxveiði í Eystri-Rangá. Því starfi sinnti hann nánast frá stofnun veiðifélagsins á síðasta áratug síðustu aldar og til hausts 2019 er honum var sagt upp störfum í kjölfar stjórnarkosninga í félaginu þar sem skipt var um stjórn. Byggt hefur verið á því af hálfu stefnanda að ólag hafi verið á rekstri stefnanda á þeim tíma þar sem til dæmis aðalfundir höfðu ekki verið haldnir um nokkurra ára skeið, ársreikningar hvorki útbúnir né afgreiddir og félagið í vanskilum með opinber gjöld og fleira. Þeim málatilbúnaði var ekki mótmælt af stefndu en einsýnt sýnist miðað við framburði og málatilbúnað stefndu að rót þess ágreinings sem varð tilefni þessa dómsmáls megi rekja til ágreinings sem tengist þessum starfslokum stefnda Einars.
10. Stefndu eru erfingjar Lúðvíks Gizurarsonar en dánarbú hans mun vera undir einkaskiptum. Dánarbú Lúðvíks á eignarhluta í flestum þeirra jarða sem dómkrafa stefnanda tekur til. Dánarbúið mun vera þinglýstur eigandi 60% jarðarinnar Bakkavalla, 50% jarðarinnar Vallarhjáleigu og 20% eigandi sameignarlands Árgilsstaða 1 og 2 en mun ekki eiga neinn hluta jarðarinnar Vallar 1. Fram kemur í greinargerð stefndu Dagmarar Sigríðar og Einars að deilt sé um hvort sleppitjarnirnar tilheyri landi Árgilsstaða 1 og eins hvort ein þeirra tilheyri landi Vallarhjáleigu. Síðastnefnd fullyrðing af hálfu stefndu á sér ekki stoð í fyrirbyggjandi gögnum málsins né er studd vitnisburðum.
11. Ágreiningur þessa dómsmáls snýst um þrjú atriði:
 - Umferðarrétt á vélknúnum ökutækjum að veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og að tilgreindum sleppitjörnum í gegnum hlið sem stefndu komu fyrir á landi Bakkavalla. Um þann veg þarf að fara til að komast að landi Vallarhjáleigu en auk þess liggja vegslóðar út frá þeim vegi annars vegar niður að ánni að veiðisvæðum 9 og 10 og að umþrættum sleppitjörnum og hins vegar liggur greiðfærasta leiðin niður að ánni að veiðisvæði 8 eftir vegslóða sem liggur frá þessum vegi. Vert er að geta þess að unnt er að komast að öllum þessum veiðisvæðum með því að aka vegslóða sem liggur meðfram Eystri-Rangá allt neðan frá þjóðvegi 1 en sú leið er mun seinfarnari og er ekki tæk fyrir umferð þeirra farartækja sem nauðsynleg eru til að sinna seiðældi í sleppitjörnunum. Í

orðsendingu sem stefndi Einar sendi stefnanda orðaði hann það svo að tjarnirnar yrðu ekki nýttar nema stefnandi hefði yfir öflugri þyrlu að ráða. Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefnanda að engin athugasemd sé við það að stefndu komi fyrir hliði á nefndum vegi, málsókn stefnanda miði að því að koma í veg fyrir að umferð verði hindruð með því að hliðinu sé læst.

- Í annan stað lýtur deila aðila að heimild stefnanda til að hagnýta þrjár sleppitjarnir sem eru í óskiptu sameignarlandi Árgilsstaða 1 sem er í eigu 11 einstaklinga samkvæmt fyrirliggjandi veðbókarvottorði og Árgilsstaða 2 sem dánarbú föður stefndu á 39,58% hlut í á móti einum öðrum eiganda. Hið óskipta land jarðanna tveggja er þannig í ríflega 80% eigu annarra en dánarbús föður stefndu. Stefndi Einar hefur ítrekað fjallað um að eyða þessum sleppitjörnum. Sá hluti hins óskipta sameignarlands þar sem sleppitjarnirnar eru er landsvæði sem afmarkast af ármótum Eystri-Rangár og Fiskár suðvestast og Tungufossi í Eystri-Rangá norðaustast. Frá ármótum ána upp að Tungufossi er veiðisvæði nr. 9 sem er efsta veiðisvæðið í Eystri-Rangá. Nokkurt flatlendi er á þessu svæði og þar eru nefndar þrjár sleppitjarnir ásamt aðliggjandi skurðum sem liggja frá upphitunartjörnum í sleppitjarnirnar sjálfar. Upphitunartjarnirnar eru nokkuð stórar að umfangi enda hafðar grunnar þar sem í þær er veitt vatni úr ánum í þeim tilgangi að velgja vatnið áður en því er veitt í sleppitjarnirnar þar sem laxaseiðum er komið fyrir og þau fóðruð. Þegar fiskurinn hefur náð ásættanlegri stærð er viðkomandi sleppitjörn opnuð út í árnar með gröfu, eftir því sem stefndi Einar gerði grein fyrir í framburði sínum fyrir dómi sem og við vettvangsgöngu. Elsta sleppitjörnin af þessum þremur er við Fiská og mun upphaflega hafa verið grafin á vegum föður stefndu árið 1988. Þá er önnur tjörn við ármót Fiskár og Eystri-Rangár, nefnd Fagridalur, og sú þriðja upp undir Tungufossi og kennd við hann. Stefndi Einar stóð fyrir því að útbúa síðarnefndu tjarnirnar tvær í upphafi síðasta áratugar 20. aldar í þágu stefnanda á meðan hann sinnti starfi sem framkvæmdastjóri stefnanda sem hann gerði í hartnær 30 ár. Þess ber að geta að nyrðri bakki Eystri-Rangár á veiðisvæði 9 er hár og brattur þannig að með öllu er ófært að ánni þá leiðina. Á landsvæði þessu er jafnframt vatnsból sem sér Hvolsvelli fyrir neysluvatni og á sveitarfélagið vatnsbólið og landskika í kringum það sem skipt mun hafa verið út úr jörðinni Árgilsstöðum 1 er þáverandi eigandi þeirrar jarðar seldi sveitarfélaginu skikann og vatnsréttindin sem honum fylgdu.
- Þriðja úrlausnarefni málsins lýtur að kröfu um að komið verði í veg fyrir að stefndu stöðvi vatnsrennsli í umræddar sleppitjarnir sem og í sleppitjörn sem er í landi Vallar

1. Þess sér hvergi stað í málinu að stefndu hafi haft í hótunum um að loka fyrir vatnsstreymi í títtnefndar þrjár sleppitjarnir heldur hefur stefndi Einar haft á orði að eyða tjörnunum. Fyrir liggur á hinn bóginn að á vegum stefndu var jarðvegi mokað fyrir inntak sem staðsett var í landi Vallarhjáleigu. Inntakið þjónaði þeim tilgangi að veita vatni úr Eystri-Rangá um land Vallarhjáleigu í sleppitjörn sem er í landi Valla 1. Dánarbú föður stefndu á ekki eignarhluta í síðastnefndu jörðinni.

12. Af framburðum stefndu Einars og Dóru fyrir dómi er ljóst að rót ágreinings þeirra gagnvart stefnanda lýtur að starfslokum stefnda Einars sem framkvæmdastjóra stefnda og ósættis af þeim sökum haustið 2019. Fyrir liggur að stefndi Einar lýsti því yfir á félagsfundi stefnanda í ársbyrjun 2020 að stefnanda yrði bannað að nýta þær þrjár sleppitjarnir sem staðsettar eru í óskiptu sameignarlandi Árgilsstaða 1 og Árgilsstaða 2. Með bréfi, dagsettu 10. júní 2020, var stefnanda meðal annars gerð grein fyrir því að stefndu hefðu orðið þess vör að félagið hefði hafið framkvæmdir við gerð tjarna á Fiskáreyrum í landi þeirra sem félaginu væri fullkomlega óheimilt að ráðast í án heimildar eigenda, eins og það var orðað. Í bréfinu var framkvæmdunum mótmælt og boðað að sett yrði hlið og komið í veg fyrir akandi umferð meðfram ánni. Stefnandi freistaði þess að ná sátt við stefndu með því að bjóða stefnda Einari tímabundið starf það sumar án árangurs. Á ný hugðist stefnandi nýta sleppitjarnirnar sumarið 2021 og var í þeim tilgangi hafist handa við að hreinsa upp úr tjörnunum fóðurleifar og úrgang eftir fiska með gröfu sem samkvæmt framburði stefnda Einars eru nauðsynlegar undirbúningsaðgerðir áður en seiði eru sett í tjarnirnar. Af hálfu stefndu Dóru voru gerðar athugasemdir við starfsmanninn sem vann að verkinu og síðan send skrifleg orðsending 20. maí 2021 til forsvarsmanna veiðifélagsins þar sem efni fyrrnefnds bréfs var áréttað og ítrekað að stefnandi hefði ekkert leyfi til framkvæmda af nokkru tagi í landi jarða sem dánarbú föður stefndu ætti eignarhlut í. Tekið var fram að notkun seiðatjarna væri óheimil og öll ónauðsynleg umferð sömuleiðis. Af hálfu stefnanda var brugðist við með orðsendingu sem send var fimmtudaginn 27. maí 2021 þar sem stefndu var boðið til sáttafundar laugardaginn 29. maí til að gera lokatilraun til að ná sáttum í málinu til að forða frekara tjóni, eins og komist var að orði. Þess var getið að gert væri ráð fyrir að lögmaður félagsins myndi sækja fundinn. Stefnandi Einar innti eftir því hvort í orðsendingu stefnanda fælist að verið væri að hóta stefndu lögfræðingi en ef svo væri hefði hann ekkert við formann stjórnar að tala. Stefnandi Dóra brást við og gat þess að hún kannaðist ekki við neinar sáttatilraunir eða að sáttatillögur hefðu verið sendar landeigendum en

landeigendur hefðu ítrekað lýst því yfir skriflega og munnlega að þeir óskuðu þess að notkun seiðatjarna á landi þeirra yrði hætt og stefnanda hefði gefist rúmt svigrúm til að flytja tjarnirnar annað. Talið var eðlilegt að ef raunverulegur sáttavilji væri til staðar af hálfu stefnanda yrði sáttatillaga lögð fram og stefnandi myndi útskýra málstað sinn skriflega. Formaður stefnanda svaraði stefnda Einari og kvað orð um að lögmaður myndi mæta ekki hafa verið hugsuð sem hótun og því mætti sleppa ef stefndu hugnaðist það betur. Formaðurinn lýsti þeirri von að stefndu myndu mæta til fundar og að hægt yrði að finna flöt á bættu samkomulagi milli aðila. Formaður stefnanda svaraði stefndu Dóru einnig og lýsti þeirri afstöðu að sáttatilraunir hefðu verið reyndar og taldi unnt að fara yfir málefni sleppitjarna á væntanlegum fundi og leita lausna og hann innti eftir hvort hún væri tilbúin til þess. Stefnda Dóra svaraði þess efnis að hún væri bundin í vinnu á nefndum fundartíma og lýsti því að hún sæi ekki tilgang með fundi nema samningsvilji yrði sýndur í verki með málefnalegum tillögum frá stefnanda. Sama dag svaraði stefndi Einar og taldi fara best á því að stefnandi léti reyna á málefnið fyrir dómi því ótilneydd myndu þau hvorki heimila sleppitjarnir á landi sínu né vélknúna umferð veiðimanna. Lýsti hann þeirri afstöðu að hver og einn eigandi hefði neitunarvald þannig að afstaða annarra eigenda skipti ekki máli. Þau myndu ekki leyfa neina umferð í gegnum land Vallarhjáleigu og Bakkavallar jafnvel þótt leyfi fengist fyrir tjörnunum í Árgilsstaðalandi, slíkt leyfi myndi ekki nýtast stefnanda nema forsvarsmenn félagsins ættu öflugna þyrflu. Síðan gat stefndi Einar þess að þau væru að setja upp læst hlið í landi Bakkavallar, í framhaldinu yrðu sleppitjarnirnar sléttaðar út og þau væru búin að loka fyrir inntakið á tjörninni á svæði 8. Fyrst forsvarsmenn stefnanda hefðu ekki nýtt heilt ár sem þau hefðu fengið til að sætta þessi mál öll væri það sem nú væri að gerast algjörlega á ábyrgð formanns stefnanda. Vísaði stefndi Einar til þess að formaðurinn hefði sett fordæmi fyrir veiðibanni sem landeigandi í samskiptum við stefnda Einar í september 2019. Sama dag sendi stefnda Dagmar Sigríður orðsendingu til formanns stefnanda og lýsti sig sammála systkinum sínum.

13. Upplýst er í málinu að í lok maí fengu stefndu gröfu til að koma fyrir hliði á veginum við Bakkavelli. Á hliðgrindunum var komið fyrir tveimur skiltum, annars vegar skilti sem á stendur Einkavegur, óviðkomandi umferð bönnuð og hins vegar skilti þar sem á stendur Fuglafriðland, öll meðferð skotvopna bönnuð.
14. Eftir að hliðinu hafði verið komið fyrir var gröfunni ekið sem leið lá niður á árbakka Eystri-Rangár í landi Bakkavallahjáleigu þar sem var inntak sleppitjarnar sem er í landi

Vallar 1 á veiðisvæði 8. Grafan var hagnýtt til að stífla inntakið með því að moka jarðvegi fyrir inntakið. Tekið var fram fyrir dómi að af hálfu stefndu hefði verið gætt að því fyrst að ekki væri búið að koma seiðum fyrir í tjörninni.

15. Í kjölfar þessara samskipta við stefndu og framangreindra verka, að koma fyrir hliði sem boðað var að yrði læst og stífla inntak sleppitjarnar, lagði stefnandi fram beiðni um lög-bann, 2. júní 2021, með þeirri kröfugerð sem dómkröfur stefnanda lúta að. Vegna van-hæfis sýslumannsins á Selfossi kom afgreiðsla lögbannsbeiðni stefnanda til kasta sýslu-mannsins á höfuðborgarsvæðinu. Beiðnin var tekin fyrir 30. júní 2021 og mættu tvö af stefndu, Dagmar Sigríður og Einar ásamt lögmanni til gerðarinnar. Lagt var fram af þeirra hálfu ítarlegt andmælaskjal stefnda Einars. Þar var gerð grein fyrir margs konar mótmælum sem að flestu leyti eru þau sömu og málsástæður stefndu fyrir kröfu um sýknu í máli þessu, þar á meðal að skilyrðum laga fyrir því að lögbann næði fram að ganga væri ekki fullnægt. Rök voru jafnframt færð fyrir þeim athöfnum sem lögbannsbeiðni stefnanda beindist gegn. Þannig voru færð rök fyrir því að stefndu væri heimilt að koma fyrir hliði á akveginum og læsa því þar sem gerðarþolar væru sem landeigendur í fullum rétti til að læsa hliðinu. Hvað sleppitjarnirnar snertir var meðal annars á því byggt að stefnandi hefði staðið fyrir því í óleyfi að grafa sleppitjarnirnar vorið 2020 sem stefndu hefðu verið mótfallin og boðað aðgerðir til að lagfæra jarðrask vegna framkvæmda. Þá var einnig byggt á því að sleppitjarnir mætti ekki grafa án leyfis Fiskistofu og framkvæmdaleyfis frá sveitarfélagi sem hvorugt hefði legið fyrir vorið 2020. Því hefðu stefndu verið í fullum rétti til að standa við boðaðar aðgerðir sínar í þeim tilgangi að þurrka út þessar óleyfisframkvæmdir, bæði sem landeigendur en einnig til þess að færa landið í rétt horf. Sýslumaður tók ákvörðun 1. júlí 2021 um að leggja á lögbann í samræmi við kröfu stefnanda. Mál var höfðað til staðfestingar þeirrar gerðar með útgáfu réttarstefnu 7. júlí 2021 sem var birt 15. sama mánaðar.

16. Á þeim tíma sem mál þetta hefur verið til meðferðar fyrir dómi, frá 2. september 2021, hefur hlið það sem stefndu komu fyrir við Bakkavelli verið lokað en staðhæft hefur verið í málatilbúnaði þeirra að hliðinu hafi ekki verið læst. Stefnandi byggir á að því hafi verið læst oftár en einu sinni en í eitt sinn var lögregla kölluð á staðinn til að hlutast til um opnun hliðsins. Ágreiningslaust er á hinn bóginn að keðju með hengilás var komið fyrir á öðrum hliðstólpanum sem hafi svo verið vafin um hliðgrindina án þess að hengilásnum hefði verið læst. Í framburði stefndu Dóru kom þó fram að vera kynni að þeim sem kæmu

akandi að hliðinu gæti virst hliðið vera læst vegna þessa umbúnaðar. Þetta sjónarmið var áréttað var af hennar hálfu við málflutning.

17. Fyrir liggur að stefnandi hefur hvorki nýtt sleppitjarnirnar þrjár um sumarið 2021 né 2022 þrátt fyrir að hafa staðið að undirbúningsaðgerðum í því skyni. Því var borið við af hans hálfu fyrir dómi að þar sem mikil verðmæti væru í húfi hvað eldi seiða snertir hefði stefnandi ekki treyst sér til að hafa seiði í tjörnunum þar sem tvísýnt væri um aðgengi að sleppitjörnunum til fódurgjafar og annarrar umsýslu vegna samskipta við stefndu.
18. Við vettvangsgöngu og fyrir dómi kom fram af hálfu stefnda Einars að leigutaki veiðiréttar í ánni hafi ekki komið með veiðimenn upp á veiðisvæði 8 og 9 liðin ár þar sem þetta þetta svæði væri steindautt, eins og hann orðaði það við vettvangsgöngu. Stefndi saminnnti því að enginn fiskur væri svona ofarlega í Eystri-Rangá þar sem engum fiski hefði verið sleppt síðustu ár frá títtnefndum sleppitjörnum sem væri forsenda fyrir fiskigengd á svæðinu.
19. Fram kom af hálfu stefnda Einari að eigendur jarða sem hann taldi upp meðal annars á Keldum, sem er norðan árinna og á Árgilsstöðum 1 myndu verða fyrir búsigjum eins og stefndu ef sleppitjarnirnar þrjár væru ekki nýttar. Viðbúið yrði að endurskoðun arðskrár kæmi óhagstætt út fyrir þessa aðila, þar á meðal stefnda Einar þótt hann lýsti því yfir að honum væri *slétt sama* um það eins og hann komst að orði. Áréttað var á hinn bóginn sérstaklega af hálfu eigenda Árgilsstaða 1 í framburði fyrir dómi að eigendurnir væru einkar fylgjandi því að stefnandi hagnýtti sleppitjarnirnar þrjár enda hefði það bein fjárhagsleg áhrif fyrir þau ef ekkert veiddist á svæði 9 og í Fiská. Stefndanda hefði verið gerð skriflega grein fyrir afstöðu þeirra, auk þess sem fyrir lægi samhljóða afstaða þess eiganda sem ætti Árgilsstaði 2 á móti dánarbúi föður stefndu. Sleppitjarnirnar hefðu verið hagnýttar um langt árabíl og því bæri að halda áfram.
20. Málsaðilar hafa gert ítrekaðar tilraunir til að jafna ágreining sinn án árangurs sem hefur lengt þann tíma sem málið hefur verið til meðferðar fyrir dóminum, auk þess sem í tvígang var leyst úr frávísunarkröfum stefndu Dagmarar Sigríðar og Einars og þeim hafnað.

Helstu málsástæður stefnanda

21. Í upphafi málflutnings var því lýst yfir að stefnandi væri deild í veiðifélagi Rangæinga en áréttað að margsinnis hefði í gegnum tíðina verið viðurkennt af hálfu hins opinbera að stefnandi geti borið réttindi og skyldur sem slíkt. Því sé skýrt að stefnandi geti átt

réttindi og borið skyldur að landslögum eins og þegar hafi verið leyst úr á fyrri stigum málsins og eigi jafnframt aðild að máli þessu.

22. Á því sé byggt að skilyrðum lögbanns sé fullnægt. Með því að gera sleppitjörnina í landi Vallar 1 ónothæfa, hindra aðgengi stefnanda að sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 og hóta eyðileggingu þeirra, og boða tálmun umferðar vélknúinna ökutækja um land þeirra að veiðistöðum, telji stefnandi að stefndu hafi brotið gegn lögvörðum rétti hans og það að bíða hefði þurft dóms um réttindin myndi leiða til þess að stefnandi yrði fyrir teljandi spjöllum. Stefnanda sé því nauðsyn að fá staðfest lögbann við þessum athöfnum stefndu.
23. Að því er skilyrði lögbanns varði sé ljóst að sú athöfn stefndu að stöðva vatnsrennsli úr Eystri-Rangá í sleppitjörnina í landi Vallar 1 sé byrjuð í samræmi við 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Stefndu hafi lýst því yfir að þau myndu tálma umferð um svæðið og aðgangstálmanir séu því yfirvofandi. Auk þess séu frekari tálmanir og athafnir af hálfu stefndu líklegar og því yfirvofandi. Með því að stöðva vatnsrennsli í sleppitjörnina hafi stefndu skapað viðvarandi ólöglegt ástand sem brjóti gegn lögvörðum rétti stefnanda.
24. Öll veiði í Eystri-Rangá sé undir því komin að hægt sé að vera með sleppitjarnir til að fódra seiði. Án sleppitjarna og aðgangs að þeim sé sjálfhætt með rekstur árinna. Um sé að ræða grafalvarlegt mál og hagsmunir stefnanda gríðarlegir. Ljóst sé að gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir stefnanda séu fólgnir í því að veiðimenn fái að komast að þeim fjölmörgu veiðistöðum með hefðbundnum hætti sem séu fyrir landi þeirra jarða sem eru að hluta í eigu dánarbús föður stefndu. Lokun fyrir umferð vélknúinna ökutækja að veiðistöðum myndi valda uppnámi hjá veiðimönnum og leigutaka árinna. Skilyrði lögbanns að athafnir stefndu brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti stefnanda séu því bersýnilega uppfyllt.
25. Réttindi stefnanda séu þess eðlis að sennilegt væri að þau færu forgörðum eða myndu raskast ef honum yrði gert að bíða dóms og skilyrði lögbanns því uppfyllt. Hefði stefnanda verið gert að bíða dóms hefðu veiðimenn og leigutaki árinna augljóslega ekki getað komist að umræddum veiðistöðum eftir hefðbundnum leiðum á veiðitímabilinu 2021 og síðari veiðitímabilum. Hvað það fyrst talda snerti hafi verið búið að ráðstafa næstum öllum veiðidögum veiðitímabilsins og greiður aðgangur að ánni forsenda þess að hægt væri að nýta veiðiréttinn. Boðuð tálmun á umferð að ánni myndi að öllum líkindum leiða til gríðarlegs fjárhagslegs tjóns fyrir stefnanda sem erfitt væri að sjá fyrir að fullu. Því sé brýnt að lögbannið verði staðfest svo slíkt ástand skapist ekki.

26. Til að viðhalda fiskstofni árinna og viðunandi fiskigengd sé nauðsynlegt að sleppa seiðum í sleppitjarnir og sinna þeim en það sé ekki hægt án vatnsrennslis og aðgengis að tjörnunum. Um 30% af ræktun laxaseiða í Eystri-Rangá hafi að jafnaði farið fram í þeim fjórum sleppitjörnum sem krafa stefnanda taki til. Þær séu enda meðal bestu sleppitjarna við ána. Verði stefndu heimilað að stöðva vatnsrennslis að sleppitjörnunum og eyðileggja þær sé fyrirséð að fiskigengd í ánni minnki og miklir hagsmunir stefnanda spillist verulega.
27. Eystri-Rangá sé ein vinsælasta veiðía landsins og ef ekki sé hægt að tryggja hefðbundið aðgengi veiðimanna að veiðistöðum á svæðum 8 og 9 og viðunandi fiskigengd í ánni muni það án vafa leiða til mikillar orðsporshættu fyrir ána og hafa þannig áhrif á þau veiðitímabil sem á eftir koma, því sé það mikið hagsmunamál fyrir stefnanda að viðhalda góðu orðspori sínu. Röskun á orðspori árinna verði ekki bætt með greiðslu skaðabóta. Ljóst sé að ef einstökum veiðiréttarhöfum væri játuð heimild til að hindra aðgengi að veiðistöðum og sleppitjörnum í landi sínu og vinna á þeim skemmdarverk væri grundvöllur veiði í Eystri-Rangá og útleigu árinna með öllu brostinn. Því telji stefnandi ótvírætt að skilyrðum laga nr. 31/1990 sé fullnægt þannig að staðfesta beri það lögbann sem sýslumaður lagði við athöfnum stefndu þann 1. júlí 2021.
28. Þá sé umferðarréttur stefnanda og veiðimanna ótvíræður. Til að komast að veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá þurfi að fara um akvegi sem liggja um land Bakkavalla, Vallarhjáleigu og sameignarlands Árgilsstaða 1 og 2. Að veiðistöðum á svæði 8 sé hægt að komast eftir vegi sem liggja upp með ánni frá veiðisvæði 7 og svo um land Bakkavallar. Til að komast að veiðistöðum á veiðisvæði 9 þurfi hins vegar að fara um annan veg sem liggja um land Bakkavallar við bæjarstaðið. Öðruvísi sé ekki hægt að komast að þeim veiðistöðum akandi, enda nái fyrirnefndi vegurinn ekki að veiðisvæði 9. Stefndu hafi hóttað að loka fyrir umrædda vegi og því taki kröfur stefnanda til þeirra beggja, enda er umferð um þá nauðsynleg til að komast að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9.
29. Rétt sinn og veiðimanna til aðgengis að veiðistöðum fyrir landi Bakkavallar, Vallarhjáleigu og sameignarlands Árgilsstaða 1 og 2 telur stefnandi byggja á skýrri heimild 4. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði um að félagsmenn í veiðifélagi verði að veita nauðsynlegan aðgang að landi sínu. Í lögskýringargögnum sé sérstaklega fjallað um þessa heimild og þess getið að eðlilegt sé að í lögum séu tekin af öll tvímæli um að þeir aðilar sem keypt hafa veiðirétt hafi nauðsynlegan umferðarrétt og aðgang um

lönd þeirra fasteigna sem að veiðivötnum liggja til að njóta þeirrar ótvíræðu heimildar sem í veiðiréttinum felist.

30. Öll skilyrði framangreinds lagaákvæðis séu uppfyllt. Stefnandi hafi ráðstafað öllum stangveiðirétti í Eystri-Rangá til leigutaka sem hafi verið með ána á leigu frá 2015 til og með 2022 en þá hafi nýr leigutaki tekið við samkvæmt samningi sem hafi verið staðfestur á aðalfundi stefnanda. Við útleigu veiðiár sé forsenda að veiðimenn geti keyrt að skilgreindum veiðistöðum. Veiðimenn séu á öllum aldri og myndu umsvifalaust krefjast endurgreiðslu ef þeim væri gert að ganga langar leiðir með búnað sinn og afla. Ítreka verði þá mikilvægu staðreynd að notast hafi verið við umræddar umferðarleiðir í áratugi. Kröfur stefnanda miði að því að viðhalda óbreyttu ástandi hvað það varði.
31. Stefnandi vísi einnig til 55. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem kveðið er á um bann við að hliði sé læst, nema með leyfi sveitarstjórnar, þótt landeiganda sé heimilt að setja upp hlið yfir veg sem liggja yfir land hans sem teljist ekki til tiltekins vegflokks samkvæmt lögnum, auk þess sem almannaréttur til frjálsrar farar um vegi sé tryggður samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.
32. Þannig sé ljóst að umferðarréttur stefnanda og veiðimanna um akvegi á jörðunum Bakkavelli, Vallarhjáleigu og á sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2, sem liggja að veiðistöðum í Eystri-Rangá og sleppitjörnum við hana, eigi sér skýra stoð í lögum og stefndu þannig óheimilt að hindra umferð stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum um þá.
33. Þá byggi stefnandi á því að stefndu skorti heimild til að loka fyrir aðgengi að sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 og eyðileggja þær. Um sameignarlandið gildi reglur eignarréttar um sérstaka sameign sem almennt nægi samþykki meirihluta sameigenda fyrir tilteknum ráðstöfunum en af dómaframkvæmd leiði að sé ráðstöfun óvenjuleg eða meiri háttar þurfi samþykki allra. Sú ráðstöfun að heimila stefnanda að nýta sleppitjarnir á umræddu landi geti ekki talist annað en venjuleg og hefðbundin með tilliti til aðstæðna á svæðinu. Sleppitjarnirnar hafi verið nýttar á svæðinu í áratugi og fleiri slíkar sé að finna við Eystri-Rangá, enda byggist öll veiði í ánni á þeim. Án sleppitjarna væri enginn lax í ánni og þar með engin veiði. Stefndu hafi að auki staðið að ákvörðun um ráðstöfunina á vettvangi veiðifélagsins og hafi samþykkt hana fyrir hönd dánarbús föður þeirra sem veiðiréttarhafa. Meirihluti eigenda sem eiga 80% hlut hafi veitt stefnanda leyfi til að nýta tjarnirnar og sinna þar nauðsynlegu viðhaldi í gegnum tíðina eða í það minnsta ekki gert athugasemdir við að það sé gert. Dánarbú föður stefndu

sé einungis eigandi að 20% hlut í sameignarlandinu þannig að stefndu hafi ekki heimild, samkvæmt reglum um ráðstöfun sérstakrar sameignar, til að loka fyrir sleppitjarnir í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 og eyðileggja þær. Því beri að fallast á kröfu stefnanda um bann við þeim athöfnum.

34. Einnig sé byggt á því að stefndu séu sammingsbundin til að heimila nýtingu sleppitjarna á svæðinu og mannvirki sem tengjast þeim. Stefnandi sem dánarbú föður stefndu sé aðili að hafi gert samning árið 2015 við Lax-á ehf. um leigu á Eystri-Rangá sem framlengdur var árið 2018 til ársins 2022. Í grein 2.3 í samningnum segi:

Veiðifélagið skuldbindur sig til að viðhalda laxastofni Eystri-Rangár í fullu samræmi við og með sama hætti og gert hefur verið sl. þrjú ár, og tryggja þar með áframhaldandi laxagengd. Við það skal miða að Veiðifélagið hafi í fóstri og sleppi árlega 200.000 gönguseiðum í þessu skyni.

35. Samningurinn hafi verið samþykktur á félagsfundi stefnanda, meðal annars af stefndu fyrir hönd dánarbús föður þeirra sem veiðiréttarhafa í ánni, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði. Í lögnum sé gert ráð fyrir að veiðifélag geti ráðstafað veiði á félagssvæði sínu með þessum hætti, sbr. 4. mgr. 37. gr. laganna. Samningur sé því bindandi fyrir stefnanda og stefndu sem fulltrúa veiðiréttarhafa. Sambærilegur samningur hafi verið gerður við nýjan leigutaka árinna sem taki gildi árið 2023 sem hafi verið staðfestur á aðalfundi stefnanda. Við gerð sammingsins hafi legið fyrir hvar sleppitjarnir væru við ána og í framangreindu ákvæði sé greinilega gert ráð fyrir nýtingu þeirra til að tryggja laxagengd í Eystri-Rangá. Sleppitjarnir á því svæði sem hér sé deilt um hafi verið þar í fjölda ára og gerðar löngu fyrir gildistöku núgildandi sammings. Til að geta uppfyllt skilyrði sammingsins verði stefnandi því að hafa aðgang að umþrættum sleppitjörnum. Stefnandi hafi verið þetta fyllilega ljóst þegar umræddur samningur var gerður enda hafi stefndi Einar Lúðvíksson verið framkvæmdastjóri stefnanda á þeim tíma.

36. Þessu til viðbótar sé rétt að geta þess að við gerð gildandi arðskrár fyrir Eystri-Rangá, sbr. auglýsingu nr. 282/1999, hafi verið tekið tillit til þess að uppeldissvæði laxa væru á umræddu svæði og arðshlutur viðkomandi jarða því hærri en ella. Samkvæmt arðskránni sé hlutur svonefndrar Vallartorfu, sem Vallarhjáleiga, Bakkavöllur og Völlur 1 tilheyra, meðal annarra 1.545 einingar og hlutur Árgilsstaða 1 og 2 1.080 einingar af 10.000 einingum í Eystri-Rangá. Samkvæmt 50. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 skyldi enda meðal annars taka tillit til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks við niðurböfnun arðs af veiði, sbr. nú c-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og 7. gr.

reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga. Stefnu hafi því beinlínis notið góðs af því að hafa sleppitjarnir á landi sínu.

Helstu málsástæður stefndu Dagmarar Sigríðar og Einars Lúðvíksbarna

37. Stefnu reisa kröfu sína um sýknu á því að engar forsendur séu fyrir lögbanni því sem á þau var lagt af hálfu sýslumanns og því beri að sýkna þau af öllum dómkröfum, þar með talinni kröfu um staðfestingu lögbanns. Stefnu byggja m.a. á því að sýkna beri þau vegna aðildarskorts, að skilyrði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. hafi ekki verið uppfyllt og að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti í málinu að sýkna beri stefndu.
38. Krafa um sýknu vegna aðildarskorts byggi á því að stefnandi eigi með réttu ekki þau réttindi sem dómkröfur fjalli um eða þá hagsmuni sem hann fullyrði að tilheyri honum. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að honum tilheyri eignarréttur að löndum eða að hann sé leigutaki lands á því svæði sem dómkröfur ná til, enda tilheyri þessi réttur ekki stefnanda. Þá sé hann ekki í samningssambandi við stefndu varðandi andlag stefnukrafna. Stefnandi hafi heldur ekki sýnt fram á að honum tilheyri að lögum þau réttindi sem stefnukröfur ná til sem hljóti að teljast grunnskilyrði þess að stefnandi geti höfðað dómsmál um kröfur sínar. Stefnandi byggi sjálfur málatilbúnað sinn á að réttindin sem í húfi séu tilheyri leigutaka árinna, bæði aðgengi að ánni og nauðsyn á tilvist sleppitjarna, og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
39. Þá sé einnig aðildarskortur til varnar, enda fari stefndu ekki með þau eignarréttindi sem málshöfðunin byggi á. Stefnu séu erfingjar í dánarbúi föður síns, Lúðvíks heitins Gizurarsonar, en skiptum á dánarbúi hans sé ekki lokið. Það fari eitt með þinglýstan eignarrétt að hluta á nokkrum þeirra jarða sem stefnukröfur ná til. Stefnu séu ekki þinglýstir eigendur. Þá athugist einnig að félagsaðild að stefnanda sem veiðifélags tilheyri dánarbúinu sem landeiganda, en ekki stefndu. Því sé ekki forsenda fyrir aðild stefndu að dómsmálinu, heldur hefði borið að höfða málið gegn dánarbúi Lúðvíks Gizurarsonar sem fari með eignarréttarlega hagsmuni á landsvæðinu.
40. Stefnu byggja á að skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir lögbanni séu ekki uppfyllt. Reglur laganna áskilji að réttur stefnanda til lögbanns sé algjörlega ótvíræður, sem ljóst megi vera af málsgögnum að sé ekki. Á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að einstök skilyrði 1. mgr. 24. gr. laganna séu uppfyllt fyrir lögbann en stefndu byggi á því að

stefnandi hafi ekki fært fram slíkar sannanir. Bent sé á að þær sleppitjarnir sem stefnukröfur vísi til séu enn á þeim stað þar sem þær hafi verið og að þær hafi raunar ekki verið nýttar af stefnanda á árunum 2021 og 2022. Hlið sé til staðar á einkavegi þeim sem liggja frá Bakkavöllum að Vallarhjáleigu á landi í eigu dánarbús Lúðvíks Gizurarsonar. Það hlið sé enn ólæst. Stefndu hafni því alfarið að hafa stöðvað vatnsrennsli að sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 eða að stefndu hafi eyðilagt eða komið í veg fyrir nýtingu sleppitjarnanna. Allt að einu séu engar athafnir *byrjaðar* eða *yfirvofandi*. Því sé vísað á bug af hálfu stefndu að þau muni halda til streitu aðgerðum eins og stefnandi byggi á. Stefnandi hafi ekki sannað eða gert sennilegt að athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvrörðum rétti hans. Sönnunargögn hafi ekki verið ótvíræð svo unnt hafi verið að grípa til svo íþyngjandi þvingunarúrræðis eins og lögbann sé, einungis sé staðhæft af hálfu stefnda um meint brot stefndu. Í þessum efnum nægi ekki að vísa til eins árs gamals bréfs þegar æskt var lögbanns né hafi verið færðar fram sannanir fyrir því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna hinna meintu brota. Þá njóti stefnandi ekki lögvarinna réttinda enda eigi hann sem veiðifélag ekki kröfu á að halda úti sleppitjörnum á landsvæðum í eigu dánarbús Lúðvíks Gizurarsonar. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á heimildir sínar til að grafa þær tjarnir eða viðhalda þeim. Þann rétt eigi bara landeigendur, þar á meðal dánarbúið. Eignarréttur þess nái til þess lands sem tilheyri jörðunum, þar með talið þeirra einkavega sem um löndin liggja og sleppitjarna sem séu innan landsvæðanna. Eignarréttur þessi sé friðhelgur og stjórnarskrárvarinn, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 33/1944 með síðari breytingum. Stefnandi fari í engu með umferðarrétt á vegum innan umræddra landa eða tengdum sleppitjörnum innan þeirra. Stefnanda sem veiðifélagi sé óheimilt að lögum að ganga á rétt einstakra landeigenda, jafnvel þótt um ræði eigendur veiðiréttar. Stefnandi hafi því enga lögmæta hagsmuni af því að hvers kyns meintar athafnir stefndu séu stöðvaðar.

41. Stefndu byggi á því að það skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 sé ekki uppfyllt, að stefnandi hafi sannað að réttindi hans muni fara forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Svo sem ráða megi af orðalagi lagaákvæðisins hvíli sönnunarbyrðin um þetta á stefnanda. Sú sönnun hafi ekki tekist að mati stefndu. Sleppitjarnir þær sem dómkröfur stefnanda lúti að hafi ekki verið nýttar árin 2021 og 2022. Sleppitjarnir séu ennfremur allar innan landareigna í eigu annarra en stefnanda og hann eigi því engan eignarrétt að þeim og hliði því sem stefndu hefðu sett upp á einkaveginum frá Bakkavöllum að Vallarhjáleigu hefði ekki verið læst.

Veiðimenn og aðrir hefðu óheft aðgengi fótgangandi og á ökutækjum að veiðisvæðum 7, 8 og 9, og munu hafa áfram óhefta aðgang þótt hliði á veginum frá Bakkavöllum að Vallarhjáleigu yrði læst. Tveir vegir liggja upp á umrædd veiðisvæði. Annars vegar einkavegur við Bakkavöll og hins vegar sérstakur veiðivegur sem liggja meðfram Eystri-Rangá, frá svæði 7, upp á svæði 8 og í gegnum Bakkavallarlandið upp á svæði 9. Einnig sé unnt að komast að veiðistöðum við ána á árbökkum vestan megin árinna. Aðgengi stefnanda og veiðimanna sé því tryggt. Dánarbúið og aðrir eigendur landa á svæðinu hafi því hér eftir sem hingað til veitt fullan og óheftan aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu til samræmis við 4. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, andstætt því sem stefnandi haldi fram. Stefndu mótmæli því sem fráleitu að lögbannið hafi tryggt aðgengi veiðimanna að ánni sumarið 2021. Það aðgengi hafi þegar verið til staðar og tryggt. Rétt sé að taka fram að hvergi í lögum eða reglum sé gert ráð fyrir umferðarrétti vélknúinna ökutækja sérstaklega, ólíkt því sem stefnandi láti í veðri vaka. Stefndu vísa á bug sem fráleitri þeirri málsástæðu stefnanda, að veiðimenn muni hugsanlega gefa veiði við ána upp á bátinn vegna meintrar lokunar á aðgengi. Algjörlega ósannað sé því að nokkur þau meintu réttindi sem stefnandi telji sig eiga á svæðinu muni fara forgörðum eða að hann verði fyrir teljandi spjöllum þótt hann verði knúinn til að biða dóms um þau.

42. Stefndu byggja á því að á þeim hvíli hvorki samningsbundnar né lagalegar skyldur til að ráðast ekki í þær framkvæmdir sem dómkrafa stefnanda miðar að og þar er lýst eða gæta ekki með öðrum hætti að hagsmunum sínum sem landeigendur innan sinna jarða og landa. Stefndu hafi í engu sannað að nokkur samnings- eða lagaskylda hvíli á stefndu um að heimila akstur um jarðir þeirra eða heimila aðgengi að jörðum þeirra, aðgengi að sleppitjörnum, heimila tilvist og nýtingu sleppitjarna innan sinna jarða eða sleppingu seiða á nokkrum stað við ána. Engir samningar hafi verið lagðir fram sem sýni fram á þetta. Samningur stefnanda við Lax-á ehf. um veiðileyfi, sem stefnandi virðist byggja stefnukröfur á, hafi enga þýðingu í þessu sambandi og af honum verði ekki leiddar þær skyldur sem stefnandi haldi fram að hvíli á stefndu. Hvorki dánarbúið né stefndu séu aðilar að þeim samningi. Stefndu byggja einnig á því að ekkert í þeim samningi við Lax-á ehf., geri nauðsynlegt að stefnandi grafi tjarnir fyrir seiði nákvæmlega á landi dánarbúsins og stefndu. Þá sé meint tjón stefnanda vegna þessa algjörlega ósannað.

43. Stefndu byggja ennfremur á því að með vísan til 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 beri að fella lögbannið úr gildi, enda verði lögbann ekki lagt við athöfn ef talið sé að réttarreglur um skaðabætur fyrir röskun hagsmuna tryggi þá nægilega. Að framan sé vísað til þess að

engir þeir brýnu hagsmunir hafi verið fyrir hendi sem kalli á að lögbann sé sett á eða staðfest, meðal annars hafi engar þær athafnir staðið yfir eða verið fyrirhugaðar á árinu 2021 þannig að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laganna séu uppfyllt. Með hliðsjón af því sé vandséð hvaða hagsmuni lögbann eigi að tryggja fyrir stefnanda. Stefnu telji augljóst að virtum dómkröfum að skaðabótareglur tryggi meinta hagsmuni stefnanda með nægjanlegum hætti. Annað sé ósannað af hálfu stefnanda.

44. Af hálfu stefndu sé athygli vakin á því að þau gögn sem lögð hafi verið fram með stefnu og lögbannsbeiðni, sýni fram á að þegar lögbannsbeiðnin hafi verið lögð fram hafi um eitt og hálf ári verið liðið frá því að stefndu fyrst áskildu sér umþrættan rétt á aðalfundi stefnanda í janúarmánuði 2020. Þegar lögbannsbeiðnin var lögð fram hafi síðan verið liðið meira en eitt ár liðið frá því að lögmaður ritaði stefnanda bréf með sama áskilnaði um rétt stefndu. Samkvæmt þessu liggur fyrir að stefnandi lagði ekki fram lögbannsbeiðni fyrr en um einu og hálfu ári eftir að honum var ljós afstaða stefndu og að stefndu hygðust tryggja rétt sinn með þeim aðgerðum sem gerð hafði verið grein fyrir. Fyrir liggir þannig að stefnandi hafi ekki gert neitt á því rúma ári til þess að tryggja meintan rétt sinn á svæðinu. Með því að koma fyrst fram með lögbannsbeiðni meira en ári síðar hafi stefnandi sýnt af sér verulegt athafnaleyfi og tómlæti sem að sé algjörlega óútskýrt af hálfu stefnanda. Stefnandi ber hallann af því athafnaleyfi og tómlæti sem hann hafi sýnt sem túlkað verði stefndu í vil sem leiði til þess að fallast beri á sýknukröfu stefndu.

Helstu málsástæður stefndu Dóru Lúðvíksdóttur

45. Á því er byggt að það sé rangt að stefnda og sameigendur hennar hafi haft í hyggju að hindra aðgengi stefnanda að sleppitjörnum í landi þeirra. Þvert á móti hafi komið fram í bréfi sem ritað var af hálfu stefndu 10. júní 2020 að þau hygðust setja hlið til að hindra akandi umferð en tryggja að veiðimenn kæmust gangandi að veiðistöðvum. Vorið 2020 hafi stefnda orðið þess vör að stefnandi hefði látið hefja framkvæmdir við gerð sleppitjarna í landi hennar og sameigenda hennar á Fiskáreyrum í landi Árgilsstaða 1 en þeim framkvæmdum hefði verið mótmælt í áður nefndu bréfi þar sem þær hafi verið óheimilar með vísan til ákvæða laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og reglugerðar um starfsemi veiðifélaga nr. 345/2014.

46. Stefnandi bendi á að hún ein eða með sameigendum sínum hafi hvorki hindrað aðgengi að veiðistöðum né eyðilaggt sleppitjarnir á landi sínu með nokkrum þeim hætti sem brjóti

gegn lögvörðum rétti stefnanda. Yfirlýsingar í stefnu um að athafnir þeirra brjóti eða muni brjóta gegn hagsmunum stefnanda séu í besta falli stórlega ýktar. Því sé skilyrðum lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. ekki fullnægt í málinu en það sé skilyrði samkvæmt lagaákvæðinu að athöfn, sem brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, sé byrjuð eða yfirvofandi. Nánar verði fjallað um hvern og einn kröfulið hér neðar.

47. Um aðgang stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum um land jarðanna Bakkavallar, Vallarhjáleigu og sameignarlands Árgilsstaða 1 og 2 að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá

Í 4. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði segi að hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu sé einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Samkvæmt þessu sé stefndu skylt að veita aðgang um land sitt að veiðistöðum við Eystri-Rangá. Það komi hvergi fram í lögnum hvers kyns þessi aðgangur skuli vera og hvort félagsmenn eigi að tryggja aðgang fótgangandi, akandi eða þeirra sem ferðast með öðrum hætti. Ákvæðið verði því ekki túlkað svo að félagsmönnum verði gert skylt að tryggja fullkominn aðgang bifreiða að veiðistöðum, svo framarlega sem aðgangur sé ekki útilokaður. Allur málatilbúnaður í stefnu virðist byggja á þeirri fullyrðingu að stefnda hafi, ásamt sameigendum sínum, lokað alfarið fyrir umferð að veiðistöðum. Þetta sé ekki rétt. Stefnda hafi ekki með nokkrum hætti hindrað aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu, heldur hafi hún aðeins sett upp hlið við lóðamörk. Aðgangur stefnanda og veiðimanna að veiðisvæðum 8 og 9 hafi ekki verið takmarkaður. Í fyrsta lagi sé hlið sem sett hafi verið upp við lóðamörk Bakkavalla og Vallar 1 ólæst og veiðimönnum því sem áður fært um hliðið að veiðistöðum. Í öðru lagi sé stefnanda og veiðimönnum hæfur vandi að komast að veiðisvæðum 8 og 9 frá veiðihúsi við Eystri-Rangá. Þaðan liggja vegur meðfram ánni að Móbakka á veiðisvæði 8. Þaðan megi síðan hæglega ganga meðfram ánni að veiðisvæðum 9 og 10 við ána. Sé veiðimönnum einhverra hluta vegna nauðsynlegt að keyra bíl að veiðisvæðum 8 og 9 sé góður aðgangur um vesturbakka árinna við veiðisvæði 7–10. Þessi akvegur hafi nýlega verið endurbættur vegna byggingarframkvæmda í landi Litla-Hofs, hinum megin árinna. Fullyrðingar í stefnu um að frekari tálmanir af hálfu stefndu séu líklegar og því yfirvofandi séu úr lausu lofti gripnar og þeim öllum mótmælt.

48. Aðgangur stefnanda að þremur sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2

Í stefnu segi að öll veiði í Eystri-Rangá sé undir því komin að hægt sé að vera með sleppitjarnir til að fódra seiði. Án sleppitjarna sé sjálfhætt með rekstur árinna. Af þessum málatilbúnaði mætti ætla að sleppitjarnir á landi stefndu séu einu tjarnirnar við Eystri-Rangá, og að án þeirra sé rekstur árinna í sjálfheldu. Þetta sé ekki rétt, víðs vegar við Eystri-Rangá sé að finna sleppitjarnir, bæði við vestari og eystri bakka árinna. Jafnvel þótt hætt yrði að nota allar fjórar umþrættar sleppitjarnir væri áfram hægt að sleppa seiðum í ána. Þá sé rétt að komi skýrt fram að því fari fjarri að sleppitjarnir séu hjá öllum landeigendum og ótal fordæmi fyrir því að landeigendur hafi ekki heimilað sleppitjarnir fyrir sínu landi og veiðifélagið ekki talið sig í stöðu til að gera sleppitjarnir í trássi við vilja landeigenda.

49. Sleppitjarnir í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2

Stefnandi eigi engan rétt til sleppitjarna í landi stefndu samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006. Þá sé stefnda ekki bundin af neinum samningi, hvorki við stefnanda né aðra, um viðhald sleppitjarna á hennar eignarjörðum. Þvert á móti ráðist nyt af hverri eignarjörð af því sem eigendum hennar sýnist. Stefndu og sameigendum hennar sé því fullkomlega heimilt að ganga um eignarland sitt eins og þeim sýnist. Fyrir þessu séu skýr fordæmi. Til að mynda hafi núverandi framkvæmdastjóri veiðifélagsins lokað fyrir sleppitjörn í landi sínu í júlí 2019.

50. Umfjöllun um sleppitjarnir á landi í eigu stefndu sé um margt ónákvæm í réttarstefnu.

Þar segi að um 30% seiðaræktunar í Eystri-Rangá hafi að jafnaði farið fram í tilteknum fjórum sleppitjörnum í landi Árgilsstaða 1 og 2 og Vallar 1, en hvergi sé tilgreint hversu mikil ræktun hafi farið fram í hverri sleppitjörn fyrir sig. Hið rétta sé að tvær sleppitjarnir í landi Árgilsstaða 1 og 2 liggi við Tungufoss og Tunguvað, báðar á veiðisvæði 10. Þriðja sleppitjörnin liggi vestan við Bakkavallarhyl í Fiská, á landamörkum Vallarháleigu og Árgilsstaða. Stefnda hafi tjáð stjórn stefnanda ítrekað veturinn 2019–2020 að þess væri óskað að notkun sleppitjarna á Fiskáreyrum yrði hætt. Þrátt fyrir þetta hafi stórvirkum vinnuvélum verið ekið inn á land stefndu í maí 2020 og hafist handa við að dýpka tjarnirnar. Gröfumaður hafi hætt framkvæmdum að beiðni landeigenda, en áður hafi stefnda verið búin að tilkynna athæfið til lögreglu. Með bréfi lögmanns stefndu 8. júní 2020 hafi þess verið farið farið á leit við stefnanda að framkvæmdum við sleppitjarnir í landi hennar yrði hætt. Bréfið hefði jafnframt verið lagt fram á félagsfundi stefnanda þann sama dag en því hafi ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekun 1. desember 2020.

51. Forsendur lögbanns ekki fyrir hendi

Stefnda bendi á að forsendur lögbanns samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. séu ekki fyrir hendi. Samkvæmt ákvæðinu verði lögbann ekki lagt við athöfn ef talið sé að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega. Fordæmi Hæstaréttar feli í sér að eigendur jarða sem hafi hindrað eða reynt að hindra veiðimenn við stangveiðar greiði skaðabætur, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 863/2016 frá 7. desember 2017. Ekki hafi verið um það að ræða að stefnda hafi hindrað veiðimenn við Eystri-Rangá. Í því tilviki sem hér um ræði liggja ekkert fyrir um að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem rekja megi til háttsemi stefndu. Fullyrðingum um að röskun á orðspori árinna verði ekki bætt með greiðslu skaðabóta sé með öllu mótmælt enda byggi þær ekki á neinum gögnum.

Niðurstaða

52. Í máli þessu er deilt um réttmæti kröfugerðar stefnanda er lýtur einkum að aðgengi að akvegi og vegslóðum við Eystri-Rangá á veiðisvæðum 8, 9 og 10 og hagnýtingu þriggja sleppitjarna á svæði í óskiptu landi Árgilsstaða 1 og 2 sem nýttar hafa verið til eldis laxaseiða. Öll stefndu byggja á því að hafna beri lögbanni þar sem skilyrðum 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. sé ekki fullnægt. Að auki hafa stefndu Dagmar Sigríður og Einar haldið uppi vörnum er lúta að aðildarskortu á báða bóga; stefnandi eigi ekki aðild að þeim kröfum sem hann hafi uppi og þeim sé ekki réttilega stefnt þar sem dánarbúi föður þeirra sé eigandi eignarhluta í þeim jörðum sem um ræði.
53. Hvað varðar málatilbúnað stefndu Dagmarar Sigríðar og Einars um aðildarskort verður að halda því til haga að þess var krafist í öndverðu að málinu yrði vísað frá dómi vegna skorts á aðildarhæfi stefnanda og að skilyrðum laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. hefði ekki verið fylgt þar sem skylt hefði verið að höfða málið á hendur dánarbúi föður þeirra. Á þessar málsástæður var ekki fallist en sýknukröfur stefndu vegna aðildarskorts byggja í raun á grunni sömu málsástæðna.
54. Sé fyrst vikið að aðild stefnanda liggur fyrir óumþrætt að stefnandi er ekki sjálfstætt veiðifélag heldur sjálfstæð deild í Veiðifélagi Rangæinga. Þrátt fyrir að engin starfsemi hafi verið í því veiðifélagi um langt árabíl, eftir því sem fyrir liggur, hefur því veiðifélagi aldrei verið slitið formlega. Af þeim sökum hefur Fiskistofa synjað staðfestingar á samþykktum stefnanda, sbr. 8. mgr. 39. gr. laga um lax- og silungsveiði, þar sem ekki sé tækt að tvö veiðifélög taki til sama veiðisvæðisins vegna ákvæðis 53. töluliðar 3. gr. laganna.

55. Fyrir liggur á hinn bóginn að sérstaklega er gert ráð fyrir því í samþykktum Veiðifélags Rangæinga að einstakar deildir félagsins séu reknað sjálfstætt og hafi eigin samþykktir. Engum blöðum er um það að fletta að stefnandi er rekinn sjálfstætt enda hefur enginn málsaðila byggt á öðru. Þá liggja fyrir samþykktir er taka til starfsemi stefnanda sem taka til skipulags starfseminnar. Ennfremur liggur fyrir ótvírætt að stefnandi tekur til allra veiðiréttarhafa við Eystri-Rangá enda var sérstök arðskrá birt vegna árinna í B-deild Stjórnartíðinda nr. 282/1999. Um stofnun og rekstur stefnanda og aðild að Veiðifélagi Rangæinga var sérstaklega fjallað í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 453/2009 frá 3. nóvember 2011 en sá dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála. Engum sönnunargögnum hefur verið teft fram sem fela í sér sönnun um hið gagnstæða. Þannig liggur fyrir að stefnandi hefur starfað sem sjálfstæð eining um langt árabil og staðið að gerð margs konar löggæringa og þannig átt réttindi og borið skyldur að lögum sem meðal annars birtist í að stefnandi var stefnt til réttargæslu í fyrrnefndu dómsmáli og átti hann beina aðild að dómsmáli sem lauk með dómi Hæstaréttar í málum nr. 118/2003 frá 9. október 2003.
56. Samkvæmt framangreindu er stefnandi bær að lögum til að koma fram fyrir hönd veiðiréttarhafa í Eystri-Rangá. Þá liggur fyrir að stefnandi hefur gert skuldbindandi samninga við atvinnufyrirtæki sem byggja rekstur sinn á sölu veiðileyfa til veiðimanna. Á því árabili sem um ræðir í máli þessu hefur verið í gildi samningur við Lax-á ehf. frá 2015 sem stefndi Einar átti hlut að máli við að koma á. Sá samningur lýtur að því að veiðimenn eigi rétt til veiða á veiðistöðum við ána og vatnasvæði hennar og stefnandi skuldbindi sig til að viðhalda laxastofni árinna með sama hætti og gert hafði verið áður en sá samningur tók gildi. Stefnandi bar þannig að tryggja áframhaldandi laxagengd. Þessi samningur rann sitt skeið á síðasta ári en við tók annar samningur sem er nú í gildi sem felur sambærilegar skyldur í sér hvað varðar laxagengd í áni og er í honum vísað til þess að viðhafa eigi sama verklag og áður hafði verið. Í þeim samningi er raunar aukið á skyldu stefnanda til seiðasleppinga í ána.
57. Fyrir liggur að veiðisvæði 8, 9 og 10, sem öll hafa verið til staðar frá því að seiðasleppingar hófust í Eystri-Rangá á síðustu öld, verða öll fyrir miklum áhrifum af því að sleppi-tjarnirnar þrjár í óskiptu landi Árgilsstaða 1 og 2 nýtist ekki. Stefndi Einar tók svo djúpt í árinna í vettvangsgöngu að svæðið væri dautt, en dró í land í skýrslu fyrir dómi og bar um að ekki væri komið með erlenda veiðimenn á þessu svæði þar sem ekkert veiddist en íslenskir veiðimenn kæmu að haustlagi. Stefnandi hefur byggt á því að 30% veiðinnar í

ánni hefði verið að fá á þessum svæðum. Stefnu hafa ekki andmælt þeirri staðhæfingu sem slíkri en byggt hefur verið á því af hálfu stefnu Dóru að ósannað sé hvernig það hlutfall veiðinnar skiptist eftir uppruna fiskanna í þessum þremur sleppitjörnum auk sleppitjarnar í landi Vallar 1 á veiðisvæði 8 sem stefndi Einar lokaði fyrir inntakið á. Óháð því hvernig veiðin skiptist milli eldisfisks úr þessum sleppitjörnum blasir við að það hefur umtalsverð áhrif á hagnýtingu tilgreindra veiðisvæða að svo hátt hlutfall fiskigengdar eigi sér ekki uppruna á svæðum 8 og 9 sem eru efstu veiðisvæði í Eystri-Rangá og á svæði 10 sem er aðgengilegasta svæði í Fiská sem öll hafa fengið fisk úr margnefndum sleppitjörnum. Ótvírætt er með vísan til samninga stefnanda er lúta að sölu veiðileyfa að áhorfsmál er að samningar við nefnd fyrirtæki verði réttilega uppfylltir án þess að þessar sleppitjarnir séu hagnýttar.

58. Í framangreindu ljósi verður ekki fallist á að sýkna beri stefnu vegna aðildarskorts stefnanda enda meðal lögbundinna hlutverka stefnanda að stunda fiskirækt á svæðinu til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna, sbr. b-lið 1. mgr. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði. Þá fer stefnandi lögum samkvæmt með hagsmuni veiðiréttarhafa gagnvart kaupendum veiðileyfa, sbr. d-lið 1. mgr. 37. gr. Þegar horft er til vættis stefnda Einars og um áhrif þess að þessar sleppitjarnir séu ekki nýttar, sem og sambærilegs málatilbúnaðar stefnanda, blasir við að til að efna þær skyldur sem af samningum stefnanda um ráðstöfun veiðiréttar leiðir verður honum að vera kleift að hagnýta þessar tjarnir með sama hætti og hann hafði gert um 30 ára skeið áður en deila þessi kom til. Stefnandi er því réttilega að þeirri kröfu kominn að komið verði í veg fyrir að stefnu hindri hagnýtingu tjarnanna. Í þeim efnum áréttast vegna málatilbúnaðar stefnu að tjarnirnar eru þarna til staðar þannig að ekki þarf að grafa nýjar tjarnir. Vætanlega þarf ekki að gera annað og meira en þær undirbúningsaðgerðir sem stefndi Einar rakti í vettvangsgöngu og fyrir dómi, svo sem að skafa upp úr botni þeirra óhreinindi með gröfu, loka tjörnunum næst ánum og strengja net yfir. Sýknukröfu stefnu Dagmarar Sigríðar og Einars er byggja á aðildarskorti stefnanda er þannig hafnað.

59. Hvað varðar málatilbúnað stefnu Dagmarar Sigríðar og Einars um aðildarskort stefnu verður ekki heldur á hann fallist. Óumdeilt er að dánarbú föður stefnu er þinglýstur eigandi þeirra eignarhluta í fasteignum sem stefnu leiða rétt sinn frá til að setja upp hlið og koma í veg fyrir hagnýtingu sleppitjarna. Dómkrafa stefnanda beinist á hinn bóginn að athöfnum stefnu sjálfra, að þeim sem einstaklingum séu óheimilar þær aðgerðir sem

þau hafa annað hvort framkvæmt eða boðað. Engin rökbundin nauðsyn stendur þannig til þess að beina kröfum að dánarbúinu.

60. Að slepptum málsástæðum stefndu Dagmarar Sigríðar og Einars er lúta að aðild byggja stefndu öll á því að þau beri að sýkna þar sem skilyrðum lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. og 1. tölulið 3. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. hafi ekki verið til að dreifa.
61. Kröfugerð stefnanda er í grunninn tvíþætt, annars vegar um staðfestingu lögbanns og hins vegar um að stefndu verði bannaðar þær athafnir sem lögbanninu var ætlað að hindra að þau hrintu í framkvæmd. Segja má að niðurstaðan um báðar kröfur stefnanda ráðist af því hvort hann eigi þau réttindi sem dómkröfum hans er ætlað að verja. Verði fallist á það reynir á hvort öðrum skilyrðum fyrir lögbanni sé fullnægt.
62. Eins og málatilbúnaði aðila er háttað er kjarni sakarefnis málsins réttur stefnanda til að hagnýta sleppitjarnirnar þrjár í óskiptu landi Árgilsstaða 1 og 2. Krafa um aðgengi stefnanda að tjörnunum um land Bakkavallar og Vallarhjáleigu, sem eru að hluta í eigu dánarbús föður stefndu, er í raun afleidd krafa enda aðgengið óþarft ef ekki liggur fyrir heimild til nýtingar tjarnanna. Ágreiningur um aðgengi veiðimanna að ánni á vélknúnum ökutækjum horfir nokkuð öðruvísi við enda óumdeilt að stefndu er óheimilt að hindra för þeirra meðfram ánni. Einungis er deilt um ferðamátann.
63. Hvað varðar lögvarða hagsmuni stefnanda af því að hagnýta sleppitjarnirnar þrjár í óskiptu landi Árgilsstaða 1 og 2 skal vísað til umfjöllunar í efnisgreinum nr. 55-58 hér framar. Í því samhengi verður ennfremur að horfa til þess að stefnandi hefur hagnýtt tjarnirnar í samræmi við b-lið 1. mgr. 37. gr. laga um lax- og silungsveiði um langt árabíl, þá elstu á Fiskáreyrum í 35 ár frá 1988, þá sem kennd er við Tungufoss í 32 ár og þá sem stendur við ármót Eystri-Rangár og Fiskár litlu skemur. Að sama skapi verður að líta til þess að dánarbú föður stefndu minnihlutaeigandi í óskiptu sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2. Allt að einu hafa stefndu Einar og Dóra kveðið býsna fast að orði um ráðstöfunarheimild sína á því landi en stefndi Einar hefur gengið svo langt að orða ráðagerðir um að slétta út tjarnirnar. Bæði hafa lýst því yfir skriflega að banna notkun tjarnanna á sinni landareign, eins og komist hefur verið að orði. Í því ljósi eignarhalds að landinu er vandséð hvaða einhliða ráðstöfunarrétt stefndu hafa til að grípa til slíkra ráðstafana án fulltingis meðeigenda sinna. Fyrir liggur að auki upplýst í málinu að eigendur Árgilsstaða 1 sem eiga 50% í hinu óskipta landi eru því eindregið fylgjandi að stefnandi hagnýti sleppitjarnirnar þar sem þeir hafi fjárhagslega hagsmuni af því. Þá

hefur meðeigandi dánarbús föður stefndu í Árgilsstöðum 2, sem á 60% þeirrar eignar og þar með 30% í hinu óskipta landi, ekki gert athugasemdir við hagnýtingu stefnanda. Virðist afstaða stefndu þannig vera í andstöðu við afstöðu og hagsmuni meirihluta eigenda hins óskipta sameignarlands.

64. Því hefur ítrekað verið slegið föstu að héraðs gildi óskráð meginregla í almennum reglum eignarréttar um það hvernig með óskipta sameign skuli farið, þar á meðal hvað varðar hagnýtingu. Kjarni þeirrar reglu er að samþykki allra sameigenda þurfi til óvenjulegra ráðstafana og ráðstafana sem eru meiri háttar þótt venjulegar geti talist. Það sama er talið gilda um breytingu á hagnýtingu. Þessari reglu hefur ítrekað verið slegið fastri af dómstólum, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 305/2015 frá 11. febrúar 2016.
65. Engum blöðum er um það að fletta að í því felst meiri háttar breyting á hagnýtingu á hinu margnefnda óskipta sameignarlandi ef hætta á fiskirækt í sleppitjörnum sem þar hefur verið stunduð í ríflega 30 ár. Ekki er umþrætt meðal málsaðila að það myndi valda varanlegum aflabresti á efsta hluta veiðisvæðis 8 og veiðisvæðum 9 og 10. Stefndu sem forsvarsmenn eiganda 20% eignarhlutdeildar eru þess ekki umkomin að hafa neitunarvald gagnvart rótgróinni hagnýtingu þessa landsvæðis í trássi við vilja sameigenda dánarbús föður þeirra. Fram kom við aðalmeðferð að afstaða stefndu til nýtingarinnar virðist að auki ekki byggjast á málefnalegum forsendum hvað landnýtinguna snertir heldur fremur á huglægri afstöðu með tilliti til ágreinings stefnda Einars við stefnanda í tilefni af starfslokum hans hjá stefnanda. Í þessu ljósi verður fallist á kröfu stefnanda um að stefndu sé bannað að eyðileggja sleppitjarnirnar eða koma í veg fyrir hagnýtingu þeirra að öðru leyti enda verður ekki falið á að það sé á þeirra færi að raska hagnýtingu þessa landsvæðis einhliða þvert gegn afstöðu sameigenda dánarbús föður þeirra.
66. Stefndu hafa á hinn bóginn hvorki stöðvað vatnsrennsli að nefndum sleppitjörnum né haft í hótunum um að gera það þannig að ekki eru forsendur til að kveða sérstaklega á um bann við slíkum athöfnum. Þær myndu að auki fela í sér brot gegn banni við að koma í veg fyrir hagnýtingu þeirra þannig að dómsorð um slíkt bann við að stöðva vatnsrennsli er óþarft.
67. Stefnandi hefur einnig uppi kröfu um að stefndu verði bannað að hindra vatnsrennsli að sleppitjörn í landi Vallar 1 á veiðisvæði 8 og eyðileggja hana eða koma í veg fyrir nýtingu hennar að öðru leyti. Fyrir liggur að stefndi Einar lét moka jarðvegi fyrir inntak skurðar er sá tjörninni fyrir vatni en það inntak var í landi Vallarhjáleigu sem er í 50% eigu dánarbús föður stefndu. Engin seiði voru í tjörninni er þetta var gert. Við þessari aðgerð

var brugðist af hálfu stefnanda og eiganda Vallar 1 með því að breyta vatnsinntaki sleppitjarnarinnar þannig að vatnsinntakið er nú á landi Vallar 1. Eigandi þeirrar jarðar hefur að auki fyllt upp í aðrennslisskurðinn á öðrum stað en stefndi Einar gerði þannig að vatn myndi ekki renna þá leiðina í sleppitjörnina, jafnvel þótt inntakið sem var í landi Vallarhjáleigu yrði fært í upphaflegt horf. Í þessu ljósi verður ekki séð að sérstök nauðsyn standi til þess að inntak sleppitjarnarinnar sé innan merkja Vallarhjáleigu. Stefndu hafa að öðru leyti enga tilburði haft í frammi er lúta að því að raska hagnýtingu þessarar sleppitjarnar. Í þessu ljósi standa engin rök til þess að fallast á dómkröfu stefnanda hvað þessa tilteknu sleppitjörn varðar enda verður stefndu ekki bönnuð athöfn sem þegar hefur farið fram. Stefnandi hefur ekki haft uppi bótakröfu vegna kostnaðar við breytingar á sleppitjörninni vegna lokunar inntaksins. Verða stefndu því sýknuð af þessum þætti dómkröfu stefnanda.

68. Eftir stendur að leysa úr kröfu stefnanda um að stefndu verði bannað að hindra umferð stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum eftir akvegum sem liggja um land jarðanna Bakkavallar, Vallarhjáleigu og sameignarlands Árgilsstaða 1 og Árgilsstaða 2 að veiðisvæðum 8 og 9 og að sleppitjörnunum þremur í sameignarlandinu.
69. Fyrir liggur að stefndu hafa lýst því afdráttarlaust yfir að þau heimili ekki umferð ökutækja um veg sem liggur um land Bakkavallar og Vallarhjáleigu og er sameignarland Árgilsstaða 1 og 2 einnig tilgreint í þeirri yfirlýsingu. Eiginlegur akvegur liggur ekki um sameignarlandið, auk þess sem þegar hefur verið leyst úr því að stefndu eru þess ekki umkomin að breyta nýtingu þess lands án samþykkis annarra sameigenda. Af þeirra hálfu er byggt á því að stefnandi eigi ekki erindi að sleppitjörnunum og jafnframt byggt á því af hálfu stefndu Dóru að veiðimenn geti ekið frá hringveginum eftir vegslóða upp með Eystri-Rangá inn á veiðisvæði 8 og svo gengið áfram upp á veiðisvæði 9 sem nær upp að Tungufossi.
70. Staðhættir eru þannig að til að komast að veiðisvæðum 8 og 9 við Eystri-Rangá er tveggja kosta völ. Annar kosturinn og sá fljótarnari er að aka frá Hvolsvelli skamman spöl eftir vegi 261 er liggur inn í Fljótshlíð en beygja síðan inn á veg 262 sem liggur í norðaustur samsíða Eystri-Rangá en sá vegur endar við Árgilsstaði 1 og 2. Áður en að þeim jörðum er komið er beygt út af þeim vegi og ekinn akvegur sem liggur að húsum á Velli 1, Velli 2 og Bakkavelli sem standa í nokkurri nánd hvert við annað. Vegurinn liggur svo áfram allt að húsum á jörðinni Vallarhjáleigu en þegar komið er að heimtröð sem liggur að þeim húsum er ekið af veginum inn á vegslóða sem liggur samsíða Fiská, í áttina að efri

hluta veiðisvæðis 8 í Eystri-Rangá. Til þess að fara að veiðisvæði 9, sem er í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2, þarf að aka yfir Fiskána á vaði. Til að komast á veiðisvæði 10 þarf einnig að fara yfir Fiskána og þá fylgja þeirri á í austur. Hinn kosturinn felst í að þræða vegslóða sem liggur meðfram Eystri-Rangá frá hringvegi. Sá slóði fylgir ánni þar sem hún bugðast um landið. Þennan vegslóða er hægt að þræða allt upp á neðri hluta veiðisvæðis 8 en þar endar hann af landfræðilegum ástæðum. Á landsvæði sem ber heitið Vallarnes, sem skipist á milli jarðanna Vallar 1 og Vallarhjáleigu, lagði stefnandi vegslóða frá ánni um lönd þessara tveggja jarða allt upp að áður nefndum vegi sem liggur að Vallarhjáleigu. Þegar þangað er komið er ekin sama leið og fyrr var rakin á efri hluta veiðisvæðis 8, að svæði 9 og 10.

71. Veiðimenn hafa getið valið hvorn þessara kosta. Augljóst er þó af ástandi vegslóðans sem liggur frá ánni um land Vallarnes að í votviðristíð eða vorleysingum er hann einungis fær jeppabifreiðum sem hátt er undir. Um þann vegslóða verður sleppitjörnum í landi Árgilsstaða 1 og 2 á hinn bóginn ekki sinnt enda slóðinn alls ekki hæfur fyrir umferð þungra ökutækja. Notkun vegarins um lönd Vallarhjáleigu og Bakkavallar er þannig forsenda fyrir hagnýtingu sleppitjarnanna.
72. Stefnu komu fyrir hliði á merkjum jarðanna Bakkavallar og Vallar 1 eins og áður er lýst. Hliðið er staðsett þannig að þeir sem koma akandi upp með ánni geta haldið áfram yfir á efri hluta svæðis 8 og á svæði 9 og 10 hindrunarlaust þar sem fyrrgreindur vegslóði frá ánni inn á veginn er innan við hliðið. Þeir sem koma hins vegar eftir vegi 262 eru háðir því að hliðið sé ólæst. Stefnandi hefur lýst því yfir að hann geri enga athugasemd við að hliðinu hafi verið komið fyrir en byggir á því að stefndu sé óheimilt að læsa því.
73. Stefnu, Dagmar Sigríður og Einar, hafa byggt á því að þeim sé það í sjálfsvald sett hverjir eigi leið um veginn þar sem hann sé einkavegur lagður af föður þeirra, föðurbróður og afa. Ekki verður rengt að nefndir einstaklingar hafi betrubætt veginn þannig að greiðfært hafi orðið að Vallarhjáleigu. Á hitt er að líta að frá öndverðu hefur þeim sem hugnast að fara akandi niður að ánni verið það kleift og jafnlengi og stefnandi hefur verið starfandi hefur félagið haft starfsemi í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2. Stefndi Einar bar um fyrir dómi að faðir stefndu hefði hafið fiskirækt í Eystri-Rangá með því að koma fyrir sleppitjörninni á Fiskáreyrum.
74. Umferðarréttur um veg þennan er skilyrði þess að stefnanda sé unnt að sinna hlutverki sínu í samræmi við lög um lax- og silungsveiði og standa við samningsskuldbindingar sínar eins og áður er rakið. Engu breytir í þeim efnum þótt stefndi Einar hafi lýst því yfir

fyrir dómi að honum væri það ekki fast í hendi þótt hann yrði af tekjum vegna minnkaðs arðs af veiðinni ef til endurskoðunar arðskrár kæmi þar sem ekkert veiddist á margnefndum veiðisvæðum. Það er ekki stefndu að afráða með þessum hætti um hagsmuni sameigenda dánarbús föður stefndu við Eystri-Rangá sem og annarra veiðiréttarhafa sem hagsmuna eiga að gæta á veiðisvæðum 8, 9 og 10, þar á meðal þeirra eigenda sem eiga land að árbakkanum hinum megin árinna. Úr því hefur ítrekað verið leyst fyrir dómi að landeiganda sé ekki tækt að koma í veg fyrir að eigendur aðliggjandi eigna komist um land hans ef nauðsyn krefur ef öðrum leiðum er ekki til að dreifa. Landeigandinn verður að þola slíka umferð, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 348/2000 frá 23. maí 2001 og nr. 203/2014 frá 9. apríl 2014.

75. Í samræmi við framangreint verður því fallist á kröfu stefnanda um að banna stefndu að hindra aðgengi stefnanda að sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 eftir margnefndum vegi um lönd Bakkavallar og Vallarhjáleigu.
76. Þá verður ekki séð að stefndu hafi sérstakar málefnalegar forsendur til að hindra veiðimenn í að aka sömu leið með óbeinni takmörkun sem fælist í að banna þeim að fara þessa greiðfærari leið frá vegi 262 en ætla þeim að aka þess í stað fyrst eftir torleiði upp með ánni þar sem fyrir liggur að þeir komast inn á veginn að Vallarhjáleigu um vegslóðann á Vallarnesi sem upplýst er að stefnandi stóð að gerð á. Hliðið hindrar ekki för veiðimanna en þarflaust sýnist að þeim sé meinað að fara sömu leið og nýtt hefur verið áratugum saman til þess eins að þeir komist á leiðarenda miklu síðar og eftir torleiði. Áréttu má að ekki verður séð að stefndu verði fyrir sérstöku ónæði af akstri veiðimanna enda vegslóðinn sem liggur að veiðisvæði 9 á sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 fjarri húsum á Vallarhjáleigu.
77. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á kröfur stefnanda um að banna stefndu að hindra umferð stefnanda og veiðimanna um títtnefndan akveg og raska sleppitjörnum í óskiptu sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 eins og nánar greinir í dómsorði.
78. Ekki verður fallist á að réttur stefnanda til ofangreindrar hagnýtingar sleppitjarna og umferðar um hið umþrætta hlið sé fallin niður fyrir tomlætissakir. Stefnanda verður ekki lagt til lasts að freista þess að jafna ágreining við stefndu og fara ekki geyst í sakirnar enda mun þess ætíð hafa verið freistað að haga framkvæmdum á vegum stefnanda þannig að landeigendur séu sáttir við, eftir því sem fram kom í framburði formanns stefnanda og stefnda Einars fyrir dómi.

79. Stefnandi krefst einnig staðfestingar á lögbanni sem sýslumaðurinn á höfuðborgar-svæðinu lagði við athöfnum stefndu sem skilgreindar eru í dómkröfum stefnanda, sbr. 36. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
80. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lög-vörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til þess að bíða dóms um þau. Í 3. mgr. 24. gr. kemur fram að lögbann verði ekki lagt við athöfn ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmunanna tryggi þá nægilega og ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af því að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kunnir að baka gerðarbeiðanda.
81. Lögbann sýslumanns lýtur að því að banna stefndu athafnir af þrennum toga, að hindra aðgengi veiðimanna og stefnanda að veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og að sleppi-tjörnum í landi Árgilsstaða 1 og 2, að stöðva vatnsrennsli í sleppitjarnirnar þrjár sem þar eru og að viðbættri sleppitjörn í landi Vallar 1 og að eyðileggja sleppitjarnirnar eða koma í veg fyrir nýtingu þeirra að öðru leyti.
82. Að framan hefur því verið slegið föstu að stefndu sé óheimilt að hindra aðgengi stefnanda og veiðimanna að því landsvæði sem skilgreint er sem veiðisvæði 8 og 9 og þar sem sleppitjarnirnar eru í landi Árgilsstaða 1 og 2. Óumdeilt er að stefndu er heimilt að koma fyrir hliði á margnefndum vegi en aðilar deila um hvort stefndu hafi gert alvöru úr yfir-lýsingum sínum um að banna umferð um veginn með því að læsa hliðinu. Frá því að lögbannið var lagt á 1. júlí 2021 hefur lögregla verið kölluð til einu sinni eftir því sem upplýst er vegna þess að hliðinu hafi verið læst en stefndu mótmæla því að hafa gert það. Engin vitni voru leidd fyrir dóm því til staðfestu að hliðinu hafi í raun verið læst. Ekki var heldur aflað skýrslu frá lögreglunni um þetta tilvik. Verður því ekki talið sannað að stefndu hafi læst hliðinu í raun. Á hinn bóginn liggur fyrir að um annan hliðstólpann var vafin keðja með hengilás sem samsinnt var af hálfu stefndu að hefði getað villt mönnum sýn sem kæmu að hliðinu þannig þeir hefðu talið hliðið vera læst. Þegar horft er til þessa og afdráttarlausra yfirlýsinga stefnda, Einars, og af hálfu stefndu, Dóru, um að banna för um landið og að hliðinu yrði læst verður á það fallist með stefnanda að sönnun liggir fyrir

um að til staðar hafi verið yfirvofandi athöfn í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. sem leggja mátti lögbann við að öðrum skilyrðum uppfylltum.

83. Fyrir liggur á hinn bóginn að þegar hliðinu var komið fyrir 26. maí 2021 var ekki búið að koma seiðum fyrir í sleppitjörnunum sem um ræðir og það hefur ekki verið gert frá þeim tíma. Þrátt fyrir að hafa fengið lagt á lögbann við hugsanlegum aðgangshindrunum af hálfu stefndu hefur stefnandi ekki treyst sér til að nýta sleppitjarnirnar, að sögn af ótta við aðgerðir stefndu. Þótt stefndu hafi haft uppi tilburði eins og þá að koma fyrir keðju á hliðinu og jafnvel læsa því í eitt sinn verður ekki á það fallist með stefnanda að hann hafi fært sönnur á að réttindi hans hefðu orðið fyrir spjöllum á meðan beðið væri dóms og því nauðsynlegt að leggja á lögbann. Með framgöngu sinni hefur stefnandi í raun sýnt það í verki að ekki er uppfyllt það skilyrði 1. mgr. 24. gr. er lýtur að því að réttindi hans færu forgörðum eða yrðu fyrir teljandi spjöllum væri hann knúinn til að bíða dóms um þau. Horfa verður til þess að lögbann er í eðli sínu neyðarráðstöfun sem ófært er að beita í tilvikum þar sem almenn úrræði geta komið að haldi eins og rakið er í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem varð að lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Er þannig ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 24. gr. til að staðfesta megi lögbann sýslumanns að þessu leyti.

84. Hvað hótun stefndu um að eyðileggja sleppitjarnirnar með því að slétta þær út, eins og komist var að orði, verður fallist á með stefnanda að sama megin skilyrði 1. mgr. 24. gr. hafi verið fullnægt, að sannað sé að yfirvofandi hefðu verið athafnir sem hefðu það að markmiði að eyðileggja sleppitjarnirnar. Bæði voru yfirlýsingar af hálfu stefndu afdráttarlausar í þessa veru og eins lá þá fyrir að stefndi Einar hafði hlutast til um að mokað hafði verið með traktorsgröfu fyrir inntak sleppitjarnar í landi Vallar 1. Réttmæt ástæða var þannig til að álykta að stefndi myndi ekki láta þar staðar numið. Á hitt er hins vegar að líta að stefnanda virðist hafa verið kleift að koma rekstri sínum svo fyrir á liðnum tveimur árum að hann hefur ekki nýtt sleppitjarnirnar og að tjarnir þessar eru í sjálfu sér ekki mjög flókin mannvirki. Ef stefndu hefðu gert alvöru úr hótunum sínum hefði stefnandi ekki verið stór vandi á höndum að láta moka upp úr tjörnunum aftur sem og úr aðrennslisskurðum. Slíkar úrbætur hefðu vissulega kostað fjármuni en þess er tæpast að vænta að tjón stefnanda yrði meira en svo að ekki væri unnt að sækja bætur í greipar stefndu eftir atvikum. Gildir það sama ef stefndu hefðu lokað fyrir inntak tjarnanna eða hamlað nýtingu þeirra að öðru leyti.

85. Áréttað skal að öðruvísi hefði kannski horft við ef tjarnirnar hefðu verið í fullum rekstri og þannig fullar af laxaseiðum. Svo var ekki þar sem stefnandi tók þá ákvörðun að hagnýta tjarnirnar ekki á meðan mál þetta væri til meðferðar fyrir dómi eftir því sem fram kom við málflutning. Af framansögðu leiðir að stefnandi hefur ekki fært sönnur á að réttarreglur um skaðabætur fyrir röskun hagsmuna hans hefðu ekki nægt til að tryggja þá hagsmuni, sbr. 1. tölulið 3. mgr. 26. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. En við hagsmunamat í þessu samhengi verður sem fyrr við mat á því hvort beita eigi lögbanni að horfa til þess að um neyðarúrræði er að ræða þannig að vafi um hvort skilyrðum sé fullnægt verður túlkaður stefndu í hag.
86. Þar sem því var hafnað að stefnandi ætti rétt á að kveðið væri á um það með dómi að stefndu væri óheimilt að loka fyrir vatnsinntak í sleppitjörn í landi Valla 1 ber að sama brunni hvað staðfestingu lögbanns snertir. Sýknað verður af kröfu stefnanda um staðfestingu lögbanns hvað þá athöfn snertir.
87. Samkvæmt framansögðu verða stefndu sýknuð af kröfu stefnanda um staðfestingu lögbanns sem lagt var á 1. júlí 2021 en fallist er á viðurkenningarkröfur stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði. Í ljósi þessarar niðurstöðu og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður málskostnaður látinn niður falla.
88. Af hálfu stefnanda flutti málið Guðjón Ármannsson lögmaður. Af hálfu stefndu Einars og Dagmarar Sigríðar Lúðvíksbarna flutti Jón Sigurðsson lögmaður málið. Af hálfu stefndu Dóru Lúðvíksdóttur flutti málið Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður. Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Dagmar Sigríður Lúðvíksdóttir, Dóra Lúðvíksdóttir og Einar Lúðvíksson, eru sýkn af kröfu stefnanda um staðfestingu lögbanns sem lagt var á 1. júlí 2021 af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Stefndu, Dagmar Sigríði Lúðvíksdóttur, Dóru Lúðvíksdóttur og Einari Lúðvíkssyni, er bannað að hindra umferð stefnanda og veiðimanna á vélknúnum ökutækjum eftir akvegum sem liggja um land jarðanna Bakkavallar (L164159) og Vallarhjáleigu (L164203) í Rangárþingi eystra að veiðistöðum á veiðisvæðum 8 og 9 í Eystri-Rangá og hindra aðgengi stefnanda að þremur sleppitjörnum í sameignarlandi Árgilsstaða 1 og 2 og eyðileggja þær eða koma í veg fyrir nýtingu þeirra að öðru leyti.

Málkostnaður fellur niður.

Björn L. Bergsson